

STJÖRNU-ODDI HELGASON

OG ÍSLENSK VÍSINDASAGA

I

Einhverntíma heyrði ég, á yngri árum mínum, merkan náttúrufræðing útlendan halda því fram, að íslenskt vit væri eindregið miklu síður í náttúrufræðiáttina en til söguvíssinda. Ég tel þó vafalaust, að það voru ytri ástæður miklu fremur en hæfileikaskortur í þá átt, sem urðu þess valdandi, að engin nöfn Íslendinga eru meðal brautryðjenda náttúrufræðinnar. Nægir í því sambandi að minna á Svein Pálsson, sem svo líklegur var til þess að hafa orðið einn af „feðrum“ jarðfræðinnar, ef hjá stórþjóð hefði lifað, og á fornmanninn Odda Helgason, sem kenndur er við sitt mikla áhugaefni og kallaður Stjörnu-Oddi. Mjög merkur vísindamaður, dr. Porkell Porkelsson, sem langt mál hefir ritað um Stjörnu-Odda í 100. árgang Skírnis, telur hann verið hafa einn fremsta stjörnufræðing sinnar aldar. Og í sama streng hafa tekið aðrir mjög merkir fræðimenn, sem um Odda hafa ritað, innlendir og útlendir. Læt ég þar nægja að nefna professorana Björn M. Olsen og Eirík Briem. Það sem hér kemur, er nokkuð úr annarri átt en það, sem áður hefir verið um Odda ritað, enda er ég ekki tímatalsfróður („rímkænn“), en ég vona, að geta varpað nokkru nýju ljósi á það, hversu framúrskarandi hefir verið vit þessa merkilega Íslendinga fornaldarinnar. Virðist mér öll ástæða til að ætla, að Oddi hafi verið ekki síðri að viti en hinir frægu samtíðarmenn hans, Sæmundur og Ari, þó að því viti væri nokkuð á annan veg háttáð. Og vissulega eru slíkir menn sú bending um ætlunarverk þjóðar vorrar, sem ennþá hefir ekki verið metin til fulls.

II

Af Stjörnu-Odda er til sögubrot þar sem draumur einn, er hann dreymdi, er aðalefnið. Má það að vísu til sanns vegar færast, sem dr. Þorkell Þorkelsson segir, að draumurinn sé ekki merkilegur, en þrátt fyrir það er hann, eins og enn skal sýnt verða, stórfróðlegur. Af ætt Odda er oss, í þessari sögu hans, ekkert sagt framyfir föðurnafnið, og af líkamsatgervi hans alls ekkert. En þó er í hinni stuttu lýsingu, líkt að orði komist og um Gunnar og Njál í hinni ágætustu sögu. Þar segir svo: Oddi „var rímkænn maðr, svá at engi maðr var hans maki samtíða á öllu Íslandi, ok at mörgu var hann annars vitr. Ekki var hann skáld né kvæðinn. Þess er þó einkum getið um hans ráð, at þat höfðu menn fyrir satt, at hann lygi aldri, ef hann vissi satt at segja, ok at öllu var hann ráðvandr kallaðr ok tryggðarmaðr hinn mesti; félítill var hann ok ekki mikill verkmaðr.“

Lýsing þessi er eftirtektarverð, og ekki hefir þar brugðist hin íslenska glöggskyggni á lyndisfar mannsins. Oss kemur ekki á óvart að heyra, að spekingurinn hafi félítill verið. En þar sem sagt er, að hann hafi ekki mikill verkmaður verið, koma oss í hug orðin, sem farandkonurnar höfðu um Njál, er hann sat auðum höndum. Er þess vanalega ekki gætt, að slíkir menn geta verið að vinna eða undirbúa mikið og merkilegt verk þó að þeir hafist ekki að, sem kallað er.

III

Oddi „var á vist“ með þeim manni, er Þórður hét og bjó í Múla „norðr í Reykjadal“. Er frá því sagt, að Oddi fór út til Flateyjar (á Skjálfanda) fyrir þennan húsbóna sinn „á vit fiska“. Er auðfundið á frásögninni, að Oddi hefir þar verið velkominn gestur í þessari eyju, sem er svo jarðfræðilega merkileg — eins og ég komst að, er ég var þar á ferð með varðskipinu Óðni sumarið 1933. — Segir svo, að „vel var um Odda búit ok hægliga,“ og enn segir, að honum var „veittr hógligr umbúnaðr“. Sofnar hann þá þrátt og fer að dreyma, og snúum vér oss nú að rannsókninni á draum hans.

IV

Odda dreymir „at hann þóttist staddir vera heima í Múla, ok svá þótti honum, sem þar væri kominn maðr til gistingar, ok þótti honum sem menn færi í rekkju um kveldit, þótti honum gestrinn vera beðinn skemmtanar, en hann tók til ok sagði sögu ok hóf á þessa leið.“

Þegar í upphafi frásagnar þessarar kemur skemmtilega fram það, sem ég hefi nefnt stillilögþáld (Law of determinants), en það er áhrif annarra á það, hvað og hvernig oss dreymir. Það skín í gegn í upphafi draumsins, að fólkið á bænum, sem vitanlega hafði glöggva vitund þess, að það var heima hjá sér, var að hugsa um gestkomuna, hvaðan maðurinn var, og að þetta var aufúsugestur, sem vænta mátti sér af nokkurra skemmtunar. Stilliáhrifin lýsa sér þó ennþá greinilegar í því, hvert verður aðalefni draumsins. Það á ekkert skyld við hið mikla og merkilega áhugaefni mannsins, sem vanur var að ganga út um nætur og „hyggja at stjörnum“. Aftur á móti er draumurinn í góðu samræmi við það, sem fólkið á bænum mun hafa talið góða skemmtun. En aldarhátturinn í því efni lýsir sér vel í því, sem segir í Sturlungu af frægri veislu á Reykhólum (1119), „Hrólfr af Skálmannesi sagði þar sögu frá Hröngviði víkingi ok frá Ólafi Liðsmannakonungi, og haugbroti Práins berserks ok Hrómundi Gripssyni, og margar vísur með.... En Ingimundr prestr sagði sögu Orms Barreyjarskálds ok vísur margar, ok flokk góðan við enda sögunnar, er Ingimundr hafði ortan.“

Í nánasta samræmi við hugmyndir þær um góða skemmtun, sem fram koma í veislusögu þessari, er nú draumur Odda um konunga, skáld, víkinga, berserki og bardaga „ok margar vísur með“, þó að Oddi væri nú einmitt ekki skáld eða kvæðamaður.

V

Þegar um er að ræða í sannleika vísindalega rannsókn á draumum — en það eru hinár mjög frægu draumarannsóknir Freuds t. d. ekki — þá verður að greina á milli þess, sem nefna mætti uppistöðuna í draumunum, þar sem meir

kemur fram hugarfar dreymandans sjálfs, og svo fyrirvafs-ins, sem meir er skapað af stillíahrifum og draumgjafanum. Það mætti t. d. rekja það til hugarfars Odda sjálfs, þegar sagt er um háan hól, sem fyrir kemur í draumnum, þó að það komi annars efni sögunnar á engan hátt við, „mart smá-grjót var á hóli þessum.“ Kynni þetta að vera bending um, að Oddi hafi „hugat at“ eigi einungis stjörnum heldur einnig steinum. Það virðist ekki ólíklegt, að Oddi hafi fengið menntun sína í útlöndum og ef til vill verið í tölu þeirra ekki allfáu Íslendinga, sem stundað höfðu nám í Svartaskóla í París. Orð í draumsögunni eins og „lykka“ og „presentur“, mun vera til Þýskalands að rekja. En vitanlega er engin vissa fyrir því, að Oddi sjálfur hafi þau orð viðhaft, er hann sagði frá draumnum. En hvað sem þessu líður, þá getur enginn vafi verið á um fyrirvafið í draumnum, að þar kemur greini-lega fram stillilögþálið eins og það lýsir sér í draumum vorum, og eins í því, sem miðlar segja á sambandsfundum. Hinn nafnfrægi enski prestur og miðill, Stanton Moses, kvartaði t. d. yfir því, að hversu ríkt sem sér væri í huga, áður en hann sofnaði miðilsvefn, að tala þá eitthvað um sín eigin áhugaefni, þá hefði það aldrei orðið, heldur urðu það alltaf áhugamál þeirra, sem viðstaddir voru (c: stillanna, determinantanna), sem hann talaði um.

VI

Þá kemur nú loks að því, sem mér einkum þykir stórfróð-legt um draum Stjörnu-Odda. Odda dreymdi, eins og áður er sagt, að hann væri heima hjá sér í Múla, og væri þar gestur kominn, sem beðinn var að skemmta eitthvað, og sagði þá sögu og hóf á þessa leið: „Hróðbjartr hefir konungr heitit“ o. s. frv. Annar konungur er nefndur til sög-unnar og hét sá Geirviðr, en Dagfinnur skáld hans. En þegar ekki er langt liðið á drauminn, „þá er frá því at segja, er mjök er undarligt, at þá brá því við í drauminum Odda, at hann Oddi sjálfr þóttist vera þessi maðr Dagfinnr, en gestri-nn sá er söguna sagði er nú úr sögunni ok drauminum, en þá þóttist hann sjálfr sjá ok vita allt þat, er héðan af er í

drauminum. En nú síðan er drauminn svá at segja, sem honum þætti sjálfum fyrir sik bera, Odda, þá þóttist hann vera Dagfinnr ok ráðast í ferðina með konunginum Geirviði.“

Málalengingar þessar eru eftirtektarverðar vegna þess, að þar kemur svo glögglega fram merkileg (og dálítið vandræðaleg) tilfinning þess, að um eitthvað mjög þýdingarmikið sé að ræða. En ekki er um að villast, hversu kennir þarna skarpleika stjörnuvitringsins, þar sem hann er, að heita má, að því kominn að uppgötva það, sem er undirstöðuatriði, þegar skilja skal eðli draumlífsins. Dagfinnur skáld verður þarna draumgjafi Odda, en stilliáhrif fólkssins á bænum fengu honum þann draumgjafa, sem honum var svona býsna ólíkur.

Mér hefir þótt gaman að því að sjá, að hin íslenska uppgötvun á eðli draumlífsins, sem reynast mun upphaf nýrrar aldar í sögu vísinda, jafnvel á miklu stórkostlegri hátt en uppgötvunarir þær, sem leitt hafa til hinnar nýju eðlisfræði, skuli ekki vera án alls sambands við athuganir eins af merkilegustu fræðimönnum íslenskrar fornaldar, sem, eins og ég hefi leitt nokkur rök að, virðist hafa haft hug á að skoða eigi einungis stjörnurnar, heldur einnig steinana.